

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

3. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 22. júlí 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Deiliskipulag Hlíð ferðarþjónusta.
3. Framkvæmdaleyfi v/vatnstanks.
4. Framkvæmdaleyfi v/hitaveitulagnar.
5. Erindi frá Birni Ingólfssyni f.h. ritnefndar Árbókar Pingeyinga.
6. Styrkbeiðni frá forsvarsmönnum Skólahreystis.
7. Styrkbeiðni frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.
8. Fundargerð Bygginganefndar frá 7. júlí.
9. Erindi frá Landsvirkjun v/lagfæringar á stíflu við Haganes.
10. Aðalskipulag.
11. Hitaveita.
12. Deiliskipulag Bjarnarflagi.
13. Leikskólamál.
14. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.
15. Verkefni nefnda.
16. Starfssamningur sveitarstjóra.
17. Hvammur Dvalarheimili aldraðra.
18. Styrkbeiðni vegna Sumartónleika við Mývatn.

Til kynningar:

Bréf SAMÚT dags. 22. júní.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfél. dags. 25. júní.

Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 28. júní.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Birgir Steingrímsson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 17 og 18, yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag Hlíð ferðaþjónusta.

Á fundi sveitarstjórnar 15. apríl s.l. var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi á athafnasvæði Hlíðar ferðaþjónustu. Tillagan byggir á staðfestu aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Tillagan var auglýst í Lögbirtingarblaðinu, Morgunblaðinu og Mýflugunni. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út 7. júlí. Engar skriflegar athugasemdir bárust. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna með þeim fyrirvara að bætt verði inn í greinargerðina að heildarútlit bygginga á svæðinu verði samræmt og einnig staða frárennismála. Að þessu uppfylltu er sveitarstjóra falið að afla tillögunni staðfestingar.

3. Framkvæmdaleyfi v/vatnstanks.

Sveitarstjórn samþykkir hér með framkvæmdaleyfi fyrir byggingu neysluvatnstanks.

4. Framkvæmdaleyfi v/hitaveitulagnar.

Sveitarstjórn samþykkir hér með framkvæmdaleyfi fyrir lagningu hitaveitulagnar frá brunni við Reykjahlíð 4, að Reynihlíð.

5. Erindi frá Birni Ingólfssyni f.h. ritnefndar Árbókar Þingeyinga.

Með bréfi dags. 14. júlí er rakin tilurð Árbókar Þingeyinga sem komið hefur út óslitið síðan 1959, að segja má í óbreyttu formi allan tímann. Í upphafi voru Árbókinni sett markmið um efni og innihald sem hún skyldi flytja lesendum sínum þ.e. annálar með helstu fréttum úr héraði, ritgerðir um framfara- og menningarmál, þjóðleg fræði, svo sem frásagnir um menn og atburði, ljóð og sögur ásamt smápáttum er snerta hérðið og hérðasbúa. Í bréfinu kemur jafnframt fram að ritnefnd Árbókarinnar óski eftir að hafa einn tengilið í hverju sveitarfélagi sem hefur yfirsýn og sér um að safna saman öllu efni úr sínum hreppi og sjái um að senda það til ritnefndar. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Birki Fanndal til verksins.

6. Styrkbeiðni frá forsvarsmönnum Skólahreystis.

Með bréfi óskar Andrés Guðmundsson f.h. Skólahreystis eftir fjárhagslegum stuðningi Skútustaðahrepps við verkefnið. Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 50.000,-.

7. Styrkbeiðni frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

Með bréfi óskar Auður Hauksdóttir eftir fjárhagslegum stuðningi Skútustaðahrepps til byggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
Sveitarstjórn hafnar erindinu.

8. Fundargerð Byggingarnefndar frá 7. júlí.
Eftirtaldir liðir eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 1.

201006006 – Erindi frá Ferðafélagi Akureyrar

Pröstur Sigurðsson f.h. Ferðafélags Akureyrar sækir um byggingarleyfi fyrir geymslugám við hlið landvarðahúss við Drekgil í Dyngjufjöllum. Gámurinn verður klæddur utan með timbri og reist á hann risþak. Í apríl s.l. var samþykkt stöðuleyfi fyrir gáminn til eins árs.

Byggingarnefnd frestar erindinu þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag.

Liður 2.

201006038 – Erindi frá Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun óskar eftir leyfi til að breyta gluggum að Hraunvegi 8, Mývatnssveit.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 3.

201006042 - Erindi frá Gylfa Yngvasyni og Auði Jónsdóttur, Skútustöðum 2, Mývatnssveit

Gylfi Yngvason og Auður Jónsdóttir sækja um leyfi til að byggja svalir ásamt svalahurð sunnan á íbúðarhúsið að Skútustöðum 2.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 4.

201006068 – Erindi frá Mýflugi hf. Mývatnssveit

Leifur Hallgrímsson f.h. Mýflugs hf. sækir um framlengingu á stöðuleyfi fyrir bjálkahús við Reykjahlíðarflugvöll. Samþykkt stöðuleyfi rann út 1. júlí s.l.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að stöðuleyfi verði framlengt um eitt ár – til 1. júlí 2011.

Liður 5.

201006057 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík

Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna leyfisveitingar til handa Héðni Sverrissyni, Geiteyjarstönd 1, Mývatnssveit. Rekstrarleyfi: gististaður: flokkur V.

Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.

Liður 10.

201007015 – Erindi frá Landsvirkjun hf

Björn Stefánsson f.h. Landsvirkjunar hf. sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðaeiningar á lóð Landsvirkjunar í Bjarnarflagi til tveggja ára. *Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að samþykkja erindið og veita leyfi til 2ja ára til 1.júlí 2012.*

Liður 11.

201007016 – Erindi frá Skútustaðahreppi

Skútustaðahreppur sækir um framlengingu á stöðuleyfi fyrir geymslugám að Múlavegi 2.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að framlengja stöðuleyfi fyrir geymslugám að Múlavegi 2 til 2ja ára, þ.e. 1. júlí 2012.

Liður 12.

201006014 – Erindi frá Skútustaðahreppi

Skútustaðahreppur sækir um endurnýjað byggingarleyfi fyrir vatnstank.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 13.

20100xxxx – Erindi frá Hlíð ferðabjónustu ehf

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir viðbyggingu við núverandi gistiskála A-400. Staðsetning er norðan við núverandi kytrur samkv. Afstöðumynd. Sótt er um stöðuleyfi í samræmi við deiliskipulag sem er í auglýsingu. Þegar ferli deiliskipulags verður lokið, þá verður sótt um endanlegt byggingarleyfi.

Flatarmál er 105,6 m². Brúttórúmmál er 254,4 m³.

Byggingarnefnd telur mannvirkið í samræmi við fyrirhugað deiliskipulag og leggur því til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að veita stöðuleyfi til eins árs, 1. júlí 2011.

Varðandi liði 10 og 11 samþykkir sveitarstjórn stöðuleyfi einungis til eins árs. Sveitarstjórn samþykkir að öðru leyti afgreiðslu Bygginganefndar.

9. Erindi frá Landsvirkjun v/lagfæringar á stíflu við Haganes.

Með bréfi dags. 6. júlí óskar Landsvirkjun eftir umsögn sveitarstjórnar á viðhaldi stíflu við Haganes. Fyrirhuguð framkvæmd snýr að viðgerð á hliðarveggjum stíflunnar, hreinsa og háþrýstipvo landstöpla, múrviðgerðir og málun handrið og tryggja þannig áframhaldandi öruggan rekstur stíflunnar, sem og öryggi vegfarenda. Ekki er þörf á stórvirkum vinnuvélum við verkið og jarðrask óverulegt. Bréfið var jafnframt sent landeigendum Haganess og gera þeir ekki athugasemd við framkvæmdirnar.

Sveitarstjórn fyrir sitt leyti gerir ekki athugasemd við fyrrgreinda framkvæmd.

10. Aðalskipulag.

Farið yfir stöðuna. Frestað fram yfir sumarfrí sveitarstjórnar.

11. Hitaveita.

Borist hafa þrjú tilboð í lagnaefni vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á hitaveitulögn frá Garði að Grænalæk. Tilboðið frá Set hljóðar uppá kr.

11.360.753, Ísrör kr. 8.827.221,-. Eftir að í ljós kom að Ísrör ætti lægra tilboðið sendi Set inn endurskoðað tilboð uppá kr. 7.451.348,- og miðast það við að hluti af því lagnaefni var notaður við prufukeyslu á tækjum Sets í Þýskalandi.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði Ísrörs.

12. Deiliskipulag Bjarnarflagi.

Frestað fram yfir sumarfrí sveitarstjórnar.

13. Leikskólamál.

Ljóst er að breyta þarf samþykktum fyrir leikskólann m.a. með t.t. aldurslækkunar þeirra barna sem rétt hafa til vistunar.

Samþykkt að vísa þessu til nýrrar Skólanefndar sem tekur til starfa að loknu sumarfríi.

14. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Skútustaðahrepps.

Samþykkt að fresta þessum lið fram yfir sumarfrí sveitarstjórnar.

15. Verkefni nefnda.

Ýmislegt rætt, samþykkt að eftirfarandi fari með formennsku í nefndum:

Skólanefnd.	Þuríður Helgadóttir.
Félags- og menningarmálanefnd.	Dagbjört Bjarnadóttir.
Skipulagsnefnd.	Margrét Hólm Valsdóttir.
Atvinnumálanefnd.	Böðvar Pétursson.

Að öðru leyti er þessum lið frestað fram yfir sumarfrí sveitarstjórnar.

16. Starfssamningur sveitarstjóra.

Samþykkt að fresta þessum lið fram yfir sumarfrí sveitarstjórnar.

17. Hvammur Dvalarheimili aldraðra.

Sveitarstjóri fór yfir málið. Á stjórnarfundi Hvamms DA í síðustu viku var m.a. farið yfir fjárhagsstöðu dvalarheimilisins. Ástæður fjárhagsörðuleika dvalarheimilisins má að stærstum hluta rekja til þess að ekki hefur tekist að fá ríkisvaldið til að greiða fyrir fleiri hjúkrunarrými en þegar er gert og hallar verulega á Þingeyinga í þessum efnum samanborið við sambærileg svæði. Í fyrsta skipti í sögu dvalarheimilisins getur staðan orðið sú að aðildarsveitarfélögin þurfi að leggja heimilinu til rekstrarfé. Á nefndum stjórnarfundi var samþykkt að fara þess á leit við aðildarsveitarfélögin að þau ábyrgðust yfirdrátt Hvamms hjá Landsbankanum á Húsavík upp að kr. 30 millj.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps staðfestir hér með að ábyrgjast sinn hlut í yfirdrættinum skv. samþykktum Dvalarheimilis aldraðra s.f. í Þingeyjarsýslum.

18. Styrkbeiðni vegna Sumartónleika við Mývatn.

Með bréfi óskar Margrét Bóasdóttir f.h. Sumartónleika við Mývatn eftir 75.000,- kr. styrk frá Skútustaðahreppi vegna verkefnisins þetta sumarið. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Birgir Steingrímsson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.